



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2023

2310012SA VRB/KÓ
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á skipulagslögum (hagkvæmar íbúðir), 183 mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 29. september sl., vegna frumvarps í máli þingsins, nr. 183, sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi þingi, sbr. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Í ljósi þess frumvarps sem nú er til umfjöllunar skal tekið fram að fulltrúar sambandsins hafa átt aðkomu að mótun tillögunnar á fyrri stigum, m.a. í tengslum við mótun tillagna átakshóps um húsnæðismál frá árinu 2019, starfshóps um umbætur á húsnæðismarkaði sem skipaður var árið 2022, ásamt því að hafa átt aðkomu að gerð [rammasamnings](#) um húsnæðismál. Þá sendi sambandið einnig [umsögn](#) sína um frumvarpið þegar það var til umfjöllunar í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 202/2022) ásamt því að senda [umsögn](#) á síðasta löggjafarþingi. Síðastnefnda frumvarp (1052. mál) en náði ekki fram að og er nú endurflutt án breytinga.

Ennfremur má nefna að rammasamningurinn var undirritaður hinn 12. júlí 2022. Tilgangur samningsins er að auka framboð nýrra íbúða til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins til skemmri og lengri tíma og stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði á næstu tíu árum. Um er að ræða fyrsta samning milli ríkis og sveitarfélaga af þessum toga. Samningnum fylgir viðauki sem er aðgerðaráætlun með tuttugu og fjórum tímasettum aðgerðum. Frumvarp þetta er ein af þeim aðgerðum sem ríki og sveitarfélög eru sammála um að lögð verði áhersla á og er að finna í aðgerðarskjalinu, merkt sem aðgerð A6.

Í ljósi alls framangreinds, og með vísan til fyrri sjónarmiða af hálfu sambandsins, skal tekið fram að sambandið fagnar framlagningu frumvarpsins og telur þær breytingar sem gerðar hafa verið, eftir birtingu frumvarpsins í samráðsgátt stjórnvalda, vera til bóta. Sambandið styður því lögfestingu frumvarpsins.

Sambandið lýsir sig ennfremur reiðubúið til þess að koma á fund nefndarinnar komi fram beiðni þar um.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs